

Skólaskrifstofur Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, skipuleggja fyrirlestra og námskeið fyrir starfsfólk leikskóla.

Menntanefnd sveitarfélaganna, í samvinnu við leikskólana, skipuleggur námskeið og fyrirlestra fyrir starfsmenn leikskólanna.

**Einnig stendur yfir samstarf við RannUng hvað varðar rannsóknir á leikskólastarfi.**

Hvert námskeið eða fyrirlestur er auglýst sérstaklega þegar nær dregur, þar sem fram koma upplýsingar um staðsetningu, tímasetningu og hvernig skráningu er háttað.

Námskeiðin eru alla jafna frá kl. 8:30—11:00

Dagsetningar eru birtar með fyrirvara.

**Reglur menntanefndar varðandi fyrirlestra og námskeið eru:**

- Ábyrgðarmaður hvers námskeiðs er tilgreindur í auglýsingu.
- Fyrirlestrar og námskeið eru auglýst með 7 daga fyrirvara.
- Skráningu skal lokið 2 dögum fyrir námskeiðið.
- Þátttakendum ber að tilkynna forföll til ábyrgðarmanns námskeiðsins.
- Lágmarkspátttaka er 15 manns, að öðrum kosti er námskeiðið fellt niður.
- Falli námskeið niður er það tilkynnt til viðkomandi leikskóla.
- Starfsmönnum einkarekinna/þjónusturekinna leikskóla býðst að sækja námskeið gegn gjaldi ef laus pláss eru eða þátttakendafjöldi er ótakmarkaður.

Með kveðju

Fulltrúar í menntanefnd 2015 - 2016

Í menntanefnd **leikskóla 2015 - 2016 eru:**

Gerður Guðmundsdóttir leikskólaráðgjafi, Kópavogi. Sími: 570 1500

Anna Magnea Hreinsdóttir leikskólafulltrúi, Garðabæ. Sími: 525 8500

Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir þróunarfulltrúi leikskóla, Hafnarfirði. Sími: 585 5800

Gunnhildur Sæmundsdóttir leikskólafulltrúi, Mosfellsbæ. Sími: 525 6700

Baldur Pálsson fræðslustjóri, Seltjarnarnes. Sími: 595 9100

*Á skólaárinu 2015 - 2016 verða nokkur námskeið fyrra árs endurtekin, vegna fjölda áhugasamra þátttakenda. Einnig verða einhver námskeið bæði á haust- og vorönn.*

**Börn sem fá að leika sér eru betur í stakk búin til að læra**

**- hafa betri félagsþroska**

**- betri málþroska**

**- meiri sjálfsaga**

# Fyrirlestrar og námskeið 2015 - 2016

## Haustönn 2015

### 22. september. Hugleiðsla, slökun og jákvætt hugarfar fyrir starfsfólk leikskóla

Á námskeiðinu verður farið yfir mikilvægi jákvæðrar hugsunar, tilfinningastjórnunar og streitulosunar. Kennar verða öndunar-, slökunar- og hugleiðsluæfingar sem og aðferðir sem reynst hafa vel til að efla bjartsýni, minnka kvíða og auka hugarró.

*Leiðbeinendur: Unnur Arna Jónsdóttir og Hrafnhildur Sigurðardóttir. **Haldið í Garðabæ***

### 30. september. Barnið í leik (ætlað nýjum starfsmönnum)

Leikurinn - Barnið í leik. (námskeið ætlað þeim sem nýlega hafa hafið störf í leikskólanum). Fjallað verður um; hvað einkenni leik, áhrif leiks á nám, þroska og vellíðan barna, þróun leiks eftir aldri, leik umhverfi og efnivið, mismunandi leikflokka, hlutverk fullorðinna í leik og leik í námskrám.

*Leiðbeinandi: Guðrún Bjarnadóttir. **Haldið í Kópavogi***

### 6. október. iPad í almennu leikskólastarfi ( fyrir byrjendur )

Farið verður í:

- Grunnvirkni og stillingar
- Helstu forrit sem fylgja iPad
- Appstore
- Nokkur smáforrit kynnt

*Leiðbeinandi: Rakel Magnúsdóttir tölvunarfræðingur. **Haldið í Hafnarfirði***

### 15. október. Útikennsla

Farið verður í mismunandi leiðir hvað varðar útikennslu en nánari innihaldslýsing kemur þegar nær dregur. **Haldið í Kópavogi**

### 20. október. Liðsheild og jafningjastjórnun (millistjórnendur)

Á námskeiðinu verður fjallað um listina að stjórna, hlutverk og trúverðuleika stjórnenda með áherslu á millistjórnendur. Sérstaklega verður fjallað um jafningjastjórnun og hvernig taka meggi á erfiðum málum.

*Leiðbeinandi: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent á sviði stjórnunar við HÍ. **Haldið á Seltjarnarnesi.***

## **28. október. Myndataka og skráning.**

Á námskeiðinu verður farið yfir helstu atriði sem skipta máli þegar kemur að ljósmyndun í leikskólum. Við skoðum af hverju ljósmyndun er jafn öflugt tæki í leikskólastarfi og raun ber vitni, förum yfir það hvað í starfinu er fallið til þess að ljósmynda og hvað ber að hafa í huga í myndatökunni sjálfri. Farið verður yfir ljósmyndun fyrir skráningar og fagurfræði ljósmynda auk þess sem helstu atriði varðandi geymslu ljósmynda og það hvað við setjum á myndasíður leikskóla. Í lok námskeiðsins verður hægt að spyrja út í stillingar og annað varðandi myndavélina sjálfa.

*Leiðbeinandi: Egill Óskarsson, deildarstjóri leikskólanum Fögrubrekku. **Haldið í Kópavogi.***

## **3. nóvember. Læsishvetjandi umhverfi**

„Á námskeiðinu verður fjallað um hvað felst í læsishvetjandi umhverfi og hvers vegna æskilegt er að umhverfi leikskólans sé læsishvetjandi. Jafnframt verður fjallað um hlutverk kennarans í umhverfinu og leiðir til að hafa áhrif á það í samþættu og skapandi leikskólastarfi.

*Leiðbeinandi: Bryndís Guðlaugsdóttir **Haldið í Hafnarfirði***

## **10. nóvember. Tónlist með börnum.**

Á námskeiðinu verður m.a. unnið með ýmsa barnaleiki bæði frá ólíkum menningarheimum, sem og þekktá íslenska barnaleiki og þulur með það að leiðarljósi að nýta þá sem kennsluæfingar í tónlist og hreyfingu.

*Leiðbeinandi: Nanna Hlíf Ingvadóttir **Haldið á Seltjarnarnesi***

## **17. nóvember. Virk þátttaka og lýðræði í leikskólastarfi - eitthvað fyrir alla?**

Á námskeiðinu verður fjallað um þær áskoranir og tækifæri sem felast í fjölbreytilegu leikskólasamfélagi dagsins í dag. Grunnurinn að því að koma til móts við margbreytilegar þarfir, reynslu, upplifun, þekkingu og bakgrunn barna, foreldra og starfsfólks felst í því að skoða alla þætti leikskólastarfsins með gagnrýnum og lausnarmiðuðum hætti. Í fyrirlestrinum verður velt upp spurningum um það hvernig skipulag skólastarfsins, hópaskiptingar, efniviður, viðhorf, samskipti, heimamenning og aðferðir í leik og starfi ýta undir eða koma í veg fyrir virka þátttöku allra barna og tækifæri til að eignast rödd sem hlustað er á.

*Leiðbeinandi: Fríða Bjarney Jónsdóttir **Haldið í Garðabæ***

## Vorönn 2016.

12. janúar.

### Ipad í leikskólastarfi – framhald

Farið verður m.a. í

- Rafbókagerð
- Bitsboard – málörvun
- iMovie kynning – kvikmyndagerð og fréttabréf

*Leiðbeinandi: Rakel Magnúsdóttir tölvunarfræðingur. **Haldið í Hafnarfirði***

20. janúar 2016

### Vísindaleikir í leikskólastarfi

Vinna með vísindi getur fallið mjög vel að leikskólastarfi. Á þessu námskeiði verða kynnir Vísindaleikir þar sem unnið er með eðlisfræðileg og stjörnufræðileg viðfangsefni í leikskólastarfi með börnum á aldrinum þriggja til fimm ára. Viðfangsefnin sem fengist er við eru hraði og hreyfing, ljós og litir, rafmagn, seglar, tunglið, sólin og tengsl hennar við birtu, dag og nótt og árstíðirnar. Fjallað verður um hlutverk kennara í slíku starfi og tengsl við læsi.

*Leiðbeinandi: Haukur Arason **Haldið í Garðabæ***

### 28. janúar. Hrós og gagnrýni. (ætlað aðstoðarleikskólastjórum)

Ein algengasta niðurstaðan úr vinnustaðarkönnunum á Íslandi er að fólki finnst það fá of litla endurgjöf þ.e. of lítil gagnrýni á það hvað megi bæta og of lítið hrós. Gagnrýni reynist mörgum stjórnendum og starfsmönnum erfitt enda getur óvönduð gagnrýni auðveldlega dregið dilk á eftir sér í samskiptum. Algeng viðbrögð eru að fólk verður reitt og sárt eða lætur eitthvað flakka á móti. Eðlilega veigra margir sér við því að veita endurgjöf og lætur þögnina duga. En hvernig á að gagnrýna? Marshall Rosenberg sem er höfundur bókarinnar um ofbeldislaus samskipti (Non-Violent Communication) setur fram mjög hagnýta leið um það hvernig eigi að gagnrýna þannig að fólk fari ekki í vörn. Aðferðin er í fimm skrefum og einföld í framkvæmd og mjög áhrifarík. Rosenberg er einnig með aðferð um það hvernig megi hrósa svo eftir því sé tekið. Á námskeiðinu verður farið í þessar aðferðir og þær æfðar.

*Leiðbeinandi: Eyþór Eðvarðsson, M.A. í vinnusálfræði, þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun.*

**Haldið í Kópavogi**

### 2. febrúar. Fjölmening

Fjallað verður um þá þætti sem skipta máli í máltöku og læsi tví- og fjöltýngdra leikskólabarna. Lögð verður áhersla á hlutverk leikskólans við að efla mál og læsi með því að leggja áherslu á virkt tvítýngi í samstarfi við foreldra og fjallað um hagnýtar leiðir í vinnu með fjölbreytt tungumál og íslensku sem annað mál. Þá verður skoðað hvernig hægt er að styðja við íslensku sem annað mál eftir því sem færni barna í málinu eykst og bent á leiðir til að skrá og fylgjast með framförum þeirra.

*Leiðbeinandi: Fríða Bjarney Jónsdóttir **Haldið í Garðabæ***

## 10. febrúar. Matráðar.

Áhrif matar á hegðun barna, heilsu og líðan. Heilsusamlegt fæðuval fyrir leikskólabörn.

*Leiðbeinandi: Dr. Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent í næringarfræði. **Haldið í Mosfellsbæ***

## 18. febrúar. Hugleiðsla og slökun fyrir börn

Á námskeiðinu verður farið yfir mikilvægi djúprar öndunar, jóga, slökunar og hugleiðslu fyrir börn á leikskólaaldri. Þátttakendur fá kennslu í æfingum sem henta vel fyrir börn og einnig verða kenndar aðferðir til að efla börnin, ýta undir hæfileika þeirra og hamingju.

*Leiðbeinendur: Unnur Arna Jónsdóttir og Hrafnhildur Sigurðardóttir. **Haldið í Garðabæ***

## 23. febrúar. Hreyfing.

Fjallað um hreyfingu og örvun hreyfifærni barna úti í nánasta umhverfi og greinargerð.

*Leiðbeinandi: Sabína Steinunn Halldórsdóttir. **Haldið í Mosfellsbæ***

## 2. mars. Leikræn tjáning í starfi leikskóla

Fjallað veður um nokkur þeirra markmiða sem vinna má að í leikrænni tjáningu: Að setja sig í spor annarra, efla líkamsvitund, skynjun og tjáningu, nota hugmyndaflugið og leika með öðrum. Veitt verður innsýn í möguleika leikrænnar tjáningar í leikskólastarfi og gefin dæmi um æfingar og leiki.

*Leiðbeinandi: Kristín Á. Ólafsdóttir, aðjúnkt á Menntavísindasviði HÍ. **Haldið á Seltjarnarnesi.***

## 17. mars. Sameiginlegur fundur leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

*Efni fundarins verður ákveðið þegar nær dregur.*

**Fundurinn verður haldinn í Kópavogi.**